

Ákvörðun nr. 9/2023  
Miðvikudagurinn, 15. mars 2023

## Kaup Senu ehf. og Draupnis fjárfestingafélags ehf. á Concept Events ehf.

1. Með ákvörðun þessari er tekin afstaða til samruna Senu ehf. (hér eftir „Sena“) og Concept Events ehf. (hér eftir „Concept Events“). Við samrunann eignast Sena 100% í rekstri Concept Events. Draupnir fjárfestingafélag ehf. á 85% hlut í Senu og fer með yfirráð í félaginu. Sena á 100% hlut í félögunum Basic Events ehf. og Iceland Airwaves ehf. Einnig á Sena 49% hlut í Game Tívi ehf. Þá á Draupnir fjárfestingarfélag og móðurfélag Senu einnig meirihluta í í Smárabíó ehf. sem fer með rekstur Smárabíós og Háskólabíós.
2. Samruninn var tilkynntur Samkeppniseftirlitinu með fullnægjandi hætti þann 16. febrúar 2023 með svokallaðri styttri samrunaskrá í samræmi við 6. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga nr. 44/2005 og reglur eftirlitsins nr. 1390/2020. Við athugun málsins leit Samkeppniseftirlitið til upplýsinga í samrunaskrá, fyrri rannsókna eftirlitsins á tengdum mörkuðum<sup>1</sup>, auk þess sem eftirlitið aflaði upplýsinga hjá samkeppnisaðilum.
3. Samkvæmt 17. gr. samkeppnislaga telst samruni hafa átt sér stað þegar breyting verður á yfirráðum til frambúðar. Samruni getur þannig m.a. falist í því að fyrirtæki taki annað fyrirtæki yfir eða að það nái yfirráðum í heild eða að hluta yfir öðru fyrirtæki, t.d. með því að kaupa hluta af eignum þess eða þær allar, sbr. 1. mgr. 17. gr. laganna. Í því tilviki sem hér er um að ræða hefur Sena keypt 100% eignarhlut í Concept Events. Öðlast Sena með þeim kaupum yfirráð yfir Concept Events.
4. Starfsemi samrunaaðila er bæði á sömu og ólíkum mörkuðum. Af samrunaskrá má ráða að Sena starfi á mörkuðum fyrir viðburðahald fyrir fyrirtæki og afþreyingu til einstaklinga. Auk þess starfi félagið á markaði fyrir hvataferðir fyrir erlenda hópa og ráðstefnuhald. Þá sé tónleikahald félagsins undir nafni Senu Live. Samkvæmt fyrri samrunaskrá félagsins til Samkeppniseftirlitsins hefur starfsemi félagsins verið lýst með þeim hætti að Sena Live skipuleggi og markaðssetji viðburði og selji miða til viðburða- og tónleikagesta. Þá skipuleggi dótturfélag þess Iceland Airwaves ehf. og selji miða á samnefnda tónlistarhátíð.
5. Sena og dótturfélög starfi einnig á tengdum mörkuðum fyrir sölu á tölvuleikjum og leikjatölvum, en Sena sé umboðsaðili fyrir Sony Playstation. Þótt það komi ekki fram í samrunaskrá þá hafa félög í samstæðu Senu verið dreifingaraðili kvikmynda hérlendis fyrir erlenda og innlenda framleiðendur, bæði kvikmyndaver og sjálfstæða aðila, auk þess að reka kvikmyndahús eins áður sagði.
6. Að sögn samrunaaðila felist starfsemi Concept Events í því að selja fyrirtækjum og starfsmönnum fyrirtækja þjónustu tengda ráðstefnum, hvataferðum og viðburðahaldi.

<sup>1</sup> Sjá t.a.m. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli [nr. 27/2018](#). Þar var til skoðunar samruni Draupnis fjárfestingafélags ehf. og CP Reykjavíkur ehf. þar sem starfsemi CPR fólst í ráðstefnuhaldi, umsjón með viðburðum og skipulagningu hvataferða.



7. Af samrunaskrá má ráða að þær helstu meginstoðir í starfsemi Senu og þjónustutegundir sem samruninn varði sé skipulagning viðburða, hvataferða og ráðstefnuhald. Í samrunaskrá segir að miðað við markaðshlutdeild bæðu Senu og Concept Events á þeim markaði sem félögin starfi bæði á sé það mat samrunaaðila að umrædd kaup raski ekki samkeppni. Samrunaaðilar bendi á að fjölmargir aðilar starfi á markaðnum, samkeppni sé veruleg og markaðshlutdeild sé dreifð.
8. Þá byggðu samrunaaðilar á því að markaður málsins væri opinn og litlar sem engar aðgangshindranir inn á markaðinn. Auðvelt sé að hefja starfsemi á markaðnum með litlum tilkostnaði og starfsemi þurfi ekki mikinn mannafla. Samrunaaðilar telja hlutdeild sína á skilgreindum þjónustumarkaði litla og geti ekki hamlað samkeppni á neinn hátt. Þá lýstu flestir hagsmunaaðilar sem Samkeppniseftirlitið ræddi við vegna rannsóknarinnar ekki yfir teljanlegum áhyggjum vegna samrunans.
9. Að mati Samkeppniseftirlitsins og með hliðsjón af fyrirliggjandi upplýsingum og gögnum hefur ekkert komið fram við rannsókn málsins sem leiðir til þess að samruninn komi til með að hindra virka samkeppni í skilningi 17. gr. c. samkeppnislaga, hvorki með því að markaðsráðandi staða verði til eða styrkist, né með umtalsverðri röskun á samkeppni að öðru leyti. Af þeim sökum er það niðurstaða Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna þessa samruna.

### **Ákvörðunarorð:**

**„Kaup Senu ehf. og Draupnis fjárfestingafélags ehf. á öllu hlutafé Concept Events ehf. fela í sér samruna í skilningi samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur ekki forsendur til þess að aðhafast frekar í máli þessu.“**

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson